

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur mánudaginn 13. apríl 2026

Mál nr. E-1011/2026:

**A**

(Ólöf Heiða Guðmundsdóttir lögmaður)

**gegn**

**B**

(Björgvin Jónsson lögmaður)

## Dómur

### I.

#### Dómkröfur og fleira:

Mál þetta var þingfest 2. mars 2026 og dómtekið 8. apríl sama ár að undan-gengnum munnlegum málflutningi. Stefnandi er A, kt. [...], [...], Reykjavík. Stefndi er B, kt. [...], [...], Reykjavík.

Stefnandi krefst þess endanlega að stefnda verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 4.000.000 króna auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 14. júlí 2019, en með dráttar-vöxtum samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá 27. júlí 2023 til greiðsludags. Einnig er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi viðurkennir bótaskyldu en krefst lækkunar á bótafjárhæð. Þá mótmælir stefndi málskostnaðarkröfu stefnanda.

### II.

#### Málsatvik:

Með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 19. maí 2023, var sakamál höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur stefnda, sem ákærða, fyrir nauðgun, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 14. júlí 2019, á heimili stefnda að [...], Reykjavík, haft samræði og önnur kynferðismök við stefnanda, sem brotþola, án hennar samþykkis. Í ákærinni var háttseminni lýst nánar með þeim hætti að ákærði hefði notfært sér að brotþoli gat ekki spornað við verknaðinum sökum áhrifa áfengis og svefndrunga og að hann hefði beitt hana ólögmati nauðung með því að nýta sér yfirburði sína og traust hennar til hans sem frænda. Að auki var háttseminni lýst með þeim hætti að ákærði hefði stungið fingri inn í leggöng brotþola þar sem hún lá sofandi í rúmi í hjónaherbergi húsnæðisins og

haldið því áfram eftir að hún vaknaði. Ákærði hefði síðan fært sig ofan á hana, látið hana fróa sér, þ.e. ákærða, og haft samræði við hana gegn hennar vilja. Háttsemin var samkvæmt ákæru talin varða við 1. og 2. mgr. 194. gr. í almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 61/2007 og 1. gr. laga nr. 16/2018. Með einkaréttarkröfu brotþola, sem tekin var upp í ákæru, var krafist miskabóta að fjárhæð 4.000.000 króna, auk vaxta og málskostnaðar.

Mál vegna ákærunnar, sem fékk auðkennið S-[...]/2023, var þingfest fyrir héraðsdómi [...] 2023. Ákærði neitaði sök og hafnaði bótaskyldu. Málið var dómtekið [...] sama ár, að undangenginni aðalmeðferð. Með dómi héraðsdóms [...] 2024 var ákærði sýknaður af ákæru og einkaréttarkröfu brotþola vísað frá dómi. Með dómi Landsréttar [...] 2025, í máli nr. [...] /2024, var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru, en sýknaður af því að hafa stungið fingri inn í leggöng brotþola. Háttsemin sem sakfelld var fyrir var talin varða við fyrrgreind refsíákvæði í ákæru. Samkvæmt dómi Landsréttar var ákærða gert að sæta fangelsi í tvö ár en frestað var fullnustu 21 mánaðar af refsingunni og að sá hluti hennar félli niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, héldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Einnig var kveðið á um nánar tilgreindan sakarkostnað og áfrýjunarkostnað sem felldur var á ákærða. Að auki var dómur héraðsdóms ómerktur um frávísun einkaréttarkröfunnar og var þeim hluta málsins vísað aftur heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Með dómi Hæstaréttar Íslands frá [...] 2026 var staðfestur dómur Landsréttar og kveðið á um nánar tilgreindan áfrýjunarkostnað sem felldur var á ákærða.

Þann 2. mars sl. var sérstakt einkamál vegna bótakröfu stefnanda, áður brotþola eins og greinir frá í sakamálinu, tekið fyrir í héraðsdómi, eins og um þingfestingu væri að ræða, að gættum fyrirmælum 2. mgr. 208. gr., sbr. 1. mgr. 175. gr., laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Við fyrirtökuna var upplýst af hálfu stefnda, áður ákærða í sakamálinu, að ekki væri gerður ágreiningur um bótaskyldu en bótafjárhæð væri mótmælt og að ekki yrði lögð fram greinargerð. Við munnlegan málflutning 8. apríl sl. kom hið sama fram en málskostnaðarkröfu stefnanda var mótmælt.

### III.

#### **Helstu málsástæður og lagarök stefnanda**

Af hálfu stefnanda er í aðalatriðum byggt á því að um sé að ræða gróft kynferðisbrot sem stefndi beri skaðabótaábyrgð á samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 172. gr. laga nr. 88/2008. Stefnandi vísar til þess að kynferðisbrot séu almennt til þess fallin að valda miska og að miskabætur beri að ákvarða eftir því sem sanngjarnt þyki. Við mat á fjárhæð miskabóta beri að líta til alvarleika brots, sakarstigs hins brotlega, huglægrar upplifunar stefnanda og umfangs tjónsins.

Stefnandi vísar til þess að bótakrafan sé byggð á tveimur aðalmálsástæðum. Hin fyrri lúti að alvarleika brotsins. Samkvæmt 26. gr. laga nr. 50/1993 beri að taka mið af eðli verknaðar við mat á bótum en á því sé byggt að brotið hafi verið alvarlegt. Í því samhengi vísar stefnandi til þess að stefndi hafi nýtt sér ungan aldur og reynsluleysi hennar og það að hún var ofurölvi og bjargarlaus á heimili hans. Með þessu hafi stefndi misboðið henni kynferðislega og nauðgað henni. Stefndi hafi algjörlega brugðist trausti stefnanda, þau séu [fjölskyldutengsl], háttsemin hafi komið henni í opna skjöldu og fullkominn trúnaðarbrestur orðið.

Í annan stað byggir stefnandi á afleiðingum brotsins. Í því samhengi vísar hún til þess að háttsemi stefnda hafi valdið henni mikilli vanlíðan. Henni hafi verið mjög mikið misboðið og hún sé stefnda afar reið. Stefnandi finni fyrir auknum reiðiköstum og að þau beinist helst að karlmönnum. Henni líði oft mjög illa og taki það út á öðrum í fjölskyldunni án þess að hún ráði við það. Atburðurinn hafi því haft umtalsverð áhrif á heimilislífið. Stefnandi og stefndi hafi í kjölfar brotsins átt samskipti og stefndi hafi viðurkennt fyrir henni sök og að stefnanda liði afar illa með verknaðinn. Stefnanda finnist það sem gerðist hafa verið rangt, þau séu [fjölskyldutengsl] og háttsemi af þeim toga sem um ræðir eigi ekki að eiga sér stað á milli þeirra sem [fjölskyldutengsl]. Þá hafi brotið haft mikil áhrif á samskipti stórfjölskyldunnar sem áður voru nán. Í því samhengi vísar stefnandi til þess að hún finni fyrir óþægilegri tilfinningu við að hitta ættingja og að hún hafi átt mjög erfitt með að fara í fjölskylduboð vegna hræðslu við að rekast á stefnda. Þá líði henni illa vegna þess að hún hafi drukkið áfengi og að hún muni þess vegna ekki nákvæmlega hvað hafi gerst. Enn fremur að henni finnist sem stefndi hafi nýtt sér ástand hennar og að hún hafi ekki mótmælt eða veitt viðspyrnu.

Stefnandi hafi upplifað grát- og kvíðaköst vegna verknaðarins. Hún finni fyrir gríðarlegu óöryggi í kringum karlmenn og einnig fyrir miklu óöryggi þegar hún sé ein á ferð. Hún hafi endurupplifað atburðinn margoft og fái þá algjöran kvíðahnút í magann og detti út. Þá fái hún sambærilegan kvíðahnút þegar hún eigi leið hjá íbúðahverfi stefnda og hún reyni til að mynda að forðast að fara á nálæga bensínstöð. Þegar stefnandi upplifi kvíðaköst langi hana helst að loka að sér og tala ekki við og sjá ekki neinn. Stefnandi vísar einnig til þess að verknaðurinn hafi haft neikvæð áhrif á skólagöngu hennar, truflað athygli og valdið henni mikilli vanlíðan. Þá hafi hún glímt við svefnvandamál í kjölfarið. Hún eigi óeðlilega erfitt með að sofna vegna kvíða og vegna þess hve illa henni líði. Þá eigi hún það til að dreyma stefnda og vakni upp og upplifi mikinn kvíða.

Stefnandi vísar til þess að brot stefnda hafi verið framið af ásetningi. Um sé að ræða brot sem sé til þess fallið að vekja mikinn óhug og vanlíðan hjá henni, sem brotaþola, auk þess sem það sé líklegt til þess að hafa áhrif á andlega heilsu hennar um ókomna tíð. Að teknu tilliti til framangreinds sé að mati stefnanda ljóst að brotið hafi þegar haft

gríðarleg áhrif á félagslega stöðu hennar, skólagöngu og hæfni til að vera opin í samskiptum og treysta öðru fólki. Að öllu framangreindu virtu vísar stefnandi til þess að ljóst sé að brotið hafi valdið henni töluverðum miska sem skuli bæta eftir því sem sanngjarnt þyki samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 50/1993, sbr. 172. gr. laga nr. 88/2008. Þá byggir stefnandi á því að miða eigi upphafstíma dráttarvaxta við mánuð frá því að mál nr. S-[...]/2023 var þingfest fyrir héraðsdómi. Um lagarök að öðru leyti vísar stefnandi til XXVI. kafla laga nr. 88/2008 og 1. og 26. gr. laga nr. 50/1993. Málskostnaðarkrafa sé reist á 48. gr. laga nr. 88/2008, sbr. 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Vaxta- og dráttarvaxtakröfur séu reistar á 16. gr. laga nr. 50/1993 og 8. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991. Þá sé krafa um virðisaukaskatt vegna málskostnaðar reist á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

### **Helstu málsástæður og lagarök stefnda**

Af hálfu stefnda er í aðalatriðum byggt á því að með dómi Hæstaréttar Íslands [...] 2026 hafi því endanlega verið slegið föstu að hann hefði brotið kynferðislega gegn stefnanda og út frá því hafi stefnda verið gert að sæta refsíabyrgð. Samhliða hafi verið staðfest niðurstaða Landsréttar um að vísa einkaréttarkröfu stefnanda til meðferðar fyrir héraðsdómi. Að framangreindu virtu sjái stefndi sér ekki annað fært en að viðurkenna bótaskyldu. Stefndi telur að umkrafin bótafjárhæð sé of há en lagt sé í mat dómsins að ákvarða hæfilegar miskabætur, sbr. nýlega dómaframkvæmd í hliðstæðum sakamálum. Þá telur stefndi að stefnandi geri of mikið úr fjölskyldutengslum og [...] á heimili stefnda á árum áður og langur tími sé liðinn frá því það átti sér stað. Stefndi mótmælir málskostnaðarkröfu stefnanda og byggir á því að taka eigi tillit til dómsmeðferðar á sakarefninu á fyrri stigum.

## **IV.**

### **Niðurstaða**

Fyrir liggur að stefndi var með dómi Hæstaréttar Íslands [...] sl., í máli nr. [...] /2025, sakfelldur og honum gert að sæta refsíabyrgð fyrir kynferðisbrot gegn stefnanda, eins og áður greinir. Þá liggur fyrir að stefndi viðurkennir bótaskyldu gagnvart stefnanda en mótmælir bótafjárhæð.

Stefndi hefur verið sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn stefnanda, að mestu leyti í samræmi við ákæru eins og áður greinir. Í refsiverðri háttsemi stefnda fólst ólögmet meingerð gegn stefnanda. Stefndi er því bótaskyldur samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1993, sbr. 13. gr. laga nr. 37/1999. Um var að ræða gróft kynferðisbrot. Eykur á grófleikann að stefnandi var 16 ára þegar brotið var framið en stefndi var tæplega [...] árum eldri og þroski hans því meiri. Einnig auka fjölskyldutengsl á grófleikann og að brotið var framið í aðstæðum þar sem stefnandi mátti gera ráð fyrir að vera örugg. Meðal

málgagna er vottorð C sálfræðings, dags. 28. nóvember 2019, þar sem greinir meðal annars frá greiningu um áfallastreituröskun og annarri vanlíðan stefnanda vegna brots stefnda. Er ljóst af vottorðinu að brot stefnda hafði alvarleg neikvæð sálræn áhrif á líðan stefnanda og olli henni mikilli röskun. Að framangreindu virtu, og með hliðsjón af dómvenju, þykir fjárhæð miskabóta, sem stefnda verður gert að greiða til stefnanda, hæfilega ákveðin 2.250.000 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta, eins og í dómsorði greinir. Upphafstími dráttarvaxta miðast við mánuð frá þingfestingu máls nr. S-[...]/2023 fyrir héraðsdómi.

Vegna úrslita málsins, og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir, út frá eðli og umfangi máls, hæfilega ákveðinn 250.000 krónur, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnanda flutti málið Ólöf Heiða Guðmundsdóttir lögmaður. Af hálfu stefnda flutti málið Björgvin Jónsson lögmaður.

Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, B, greiði stefnanda, A, 2.250.000 krónur í miskabætur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 14. júlí 2019 til 27. júlí 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 250.000 krónur í málskostnað.

Daði Kristjánsson